

Skipulags- og byggingarsvið Hafnafjarðar
Haraldur Línal

02.10.2015
2015-07-78/11.1

Varðar: Stofnun samráðshóps vegna fyrirhugaðra framkvæmda við flutningskerfi Landsnets frá Sandskeiði að Hafnarfirði.


Landsnet hefur á síðustu árum unnið að undirbúningi að styrkingu orkuflutningskerfisins á Suðvesturlandi. Nú er framundan lokahönnun og undirbúningur framkvæmda við Sandskeiðslínu 1 og niðurrif á Hamraneslínunum 1 og 2 í kjölfarið, ásamt tengdum framkvæmdum.

Verkefnið snertir margvíslega þætti og hagsmuni. Lykilatriði í þessu verkefni er gott samráð við íbúa, sérfræðistofnanir og aðra hagsmunaaðila. Landsnet leggur ríka áherslu á innihaldsríkt og gagnlegt samtal við þá sem hafa hagsmuna að gæta í þessu verkefni og hefur því ákveðið í samráði við Hafnafjarðarbæ og Samtök íbúa á Völlum í Hafnarfirði að setja á stofn samráðsvettvang fyrir verkefnið. Tilgangur samráðsvettvangsins er að eiga samræður við hagsmunaaðila, þar sem aðilar geta komið á framfæri atriðum sem eru mikilvæg fyrir verkefnið ásamt því að fá upplýsingar um útfærslur mannvirkja og framvindu verkefnisins frá Landsneti. Ráðgert er að þeir sem eru aðilar að samráðsvettvanginum hittist reglulega.

Með erindi þessu er óskað eftir þátttöku Skipulags- og byggingarsvið Hafnafjarðar í umræddum samráðsvettvangi og óskað eftir tilnefningu fulltrúa í hópinn. Fyrirhugað er að halda fyrsta fund hópsins þann 13. október 2015.

Þórarinn Bjarnason, verkefnisstjóri í verkefninu verður aðaltengiliður fyrir hönd Landsnets. Hægt er að senda upplýsingar á hann á netfangið thorarinn@landsnet.is.

Virðingarfyllst,



Guðmundur Ingi Ásmundsson
Forstjóri Landsnets

Samrit sent á:

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
(SSH)
Mosfellsbær
Skipulagssvið Reykjavíkur
Bæjarskrifstofur Garðabæjar
Framkvæmda- og tæknisvið Kópavogs
Tækni- og umhverfissvið Seltjarnarnesbæjar

Umhverfisstofnun
Orkuveita Reykjavíkur
RioTinto
Íbúasamtök Vallahverfis
Framkvæmdastjórn vatnsvendar á
höfuðborgarsvæðinu